

Nr. 022 / 16 Goðafoss***Skipverji slasast við sjóbúnað***

IMO.nr. 9086796
Útgerð: Eimskip ehf
Smíðaður: Frederikshavn Danmark 1995, stál
Stærð: 14.664 BT
Mesta lengd: 165,60 m
Breidd: 28,60 m *Dýpt:* 8,95 m
Vél: MAN B&W 7S60MC 14.800 kW, 1995
Fjöldi skipverja: 14



Goðafoss©Hilmar Snorrason

Gögn:
Slysaskrá frá skipi
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 20. febrúar 2017 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Pann 13. nóvember 2015 var Goðafoss við bryggju á Reyðarfirði. Veður: N 8 m/sek.

Skipverji var við sjóbúnað á veðurþilfari þegar hann lenti á sjóbúningskeðju með þeim afleiðingum að hann rifbeinsbrotnaði.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn var að sjóbúa vörubíl á fleti og lá undir honum til að festa sjóbúningskeðju. Þegar hann snéri sér við undir bílnum varð krókur á sjóbúningskeðju undir honum sem gekk upp í vinstri síðu hans;
- að tvö rifbein brotnuðu og skipverjinn var frá vinnu í tvo mánuði.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.